



Minnisblað - 2101037

Til: Byggðarráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Erindi vegna bátabrautarinnar við Hnúksnes*

Dags.: 17.02.2021

Á 262. fundi byggðarráðs 28.01.2021 var tekið fyrir eringi vegna bátabrautarinnar í Hnúksnesi og eftirfarandi fært í fundargerð, dagskrárliður 17:

2101037 - Erindi vegna bátabrautarinnar við Hnúksnes Sveitarstjóra falið að hafa samráð við landeiganda.

Í erindi Gísla Eggertssonar, eins eiganda Fremri Langeyjar, leitar hann eftir því að bátabrautin í Hnúksnesi verði lagfærð. Hafi sveitarfélagið ekki tök á því lýsir hann sig tilbúinn til að lagfæra hana fái hann til þess leyfi. Svo sé komið að brautin sé illa farin, nánast horfin og hafi skapast hætta við niðursetningu báta.

Í samræmi við ákvörðun byggðarráðs var haft samband við Svein Skúlason landeiganda Hnúks. Í tölvupósti frá honum kemur fram að hann geti ekki heimilað að átt sé við fjöruna á Hnúki á meðan uppi sé óleystur ágreiningur og mál vegna hans rekið fyrir dómstólum. Þá komi fleira til s.s. að hverja slíka framkvæmd þurfi að skoða með framlögðum gögnum er lýsi væntanlegri framkvæmd enda hún leyfisskyld, jafnframt sem rétt væri að leita álits Breiðafjarðarnefndar á henni.

Í afsali dags. 10.07.1989, þegar Fellsstrandarhreppur selur jarðirnar Hnúk I og II, kemur fram að seljandi hafi „ótakmörkuð afnot af landskika í Hnúksnesi, umhverfis núverandi byggingar og önnur mannvirki við bryggjuna. Afmarkast skikinn annars vegar af sjó og hins vegar af vegi þeim sem liggur að bryggjunni, frá botni vogsins“. Eins og sjá má af meðfylgjandi loftmynd virðist bátabrautin vera utan þess skika sem vísað er til í afsalinu. Tekið skal fram að myndin er einungis drög en ekki formlegur uppdráttur.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi framkvæmdaleyfi til byggingar flotbryggju í Hnúksnesi þann 25.06.2015 í máli nr. 75/2009. Í niðurstöðu nefndarinnar er m.a. fjallað um staðsetningu mannvirkisins (innan eða utan umráðasvæðis landeiganda) og jafnframt að undirbúningi af hálfu Dalabyggðar hafi verið áfátt. Horfa þarf til þessa úrskurðar þegar fjallað er um ósk um framkvæmdir við bátabrautina.

